

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2017/1576**

2018/EES/33/27

frá 26. júní 2017

**um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 540/2014 að því er varðar kröfur um ESB-gerðarviðurkenningu hljóðviðvörðunarkerfis í ökutækjum (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 540/2014 frá 16. apríl 2014 um hljóðstig vélknúinna ökutækja og hljóðdeyfikerfa til endurnýjunar og um breytingu á tilskipun 2007/46/EB og um niðurfellingu tilskipunar 70/157/EBE <sup>(1)</sup>, einkum annarri málsgrein 8. og 9. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í reglugerð (ESB) nr. 540/2014 er mælt fyrir um kröfur um ESB-gerðarviðurkenningu allra nýrra ökutækja í flokki M (sem eru notuð til að flytja farþega) og N (sem eru notuð til vöruflutninga) að því er varðar hljóðstig þeirra. Í þeirri reglugerð er einnig mælt fyrir um ráðstafanir varðandi hljóðviðvörðunarkerfi (AVAS) fyrir tvinnrafökutæki og ökutæki, sem eru eingöngu rafknúin, sem miðar að því að vara við vegfarendur sem eru óvarðir.
- 2) Í kjölfar samþykkis reglugerðar Sameinuðu þjóðanna nr. 138 um viðurkenningu á hljóðlátum vélknúnum ökutækjum til flutninga á vegum, á 168. fundi Alþjóðaráðsins um samhæfingu reglugerða um ökutæki undir forsjá efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu (UNECE), sem var haldinn 8.-11. mars 2016, ætti að endurskoða VIII. viðauki við reglugerð (ESB) nr. 540/2014 til að gera kröfur um hljóðviðvörðunarkerfið enn nákvæmari að því er varðar gerð og styrk hljóðs, aðferð við að framkalla hljóð, hlérofa og hljóð í kyrrstöðu.
- 3) Endurskoða ætti upplýsingaskjalið, skv. I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB <sup>(2)</sup>, í tengslum við ESB-gerðarviðurkenningu á ökutæki að því er varðar leyfilegt hljóðstig og viðbótina við ESB-gerðarviðurkenningarvottorðið til að endurspeglar ítarlegar kröfur um hljóðviðvörðunarkerfið.
- 4) Í því skyni að heimila gerðarviðurkenningu á tvinnrafökutækjum og ökutækjum, sem einungis eru rafknúin, sem eru útbúin hljóðviðvörðunarkerfi, þykir, þar að auki, rétt að innleiða prófunarkröfur um lágmarkshljóðmengunarstig hljóðviðvörðunarkerfis við hreyfingar bæði fram á við og aftur á bak sem og um tíðnihliðrun hljóðs.
- 5) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 540/2014 til samræmis við það.
- 6) Þar eð reglugerð (ESB) nr. 540/2014 kom til framkvæmda 1. júlí 2016 en ekki er unnt að koma henni að fullu til framkvæmda fyrir en breytingar hafa verið gerðar á VIII. viðauka, sem er hluti af þessari gerð, ætti þessi reglugerð að öðlast gildi eins fljótt og auðið er.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*I. gr.***Breytingar á reglugerð (ESB) nr. 540/2014**

Reglugerð (ESB) nr. 540/2014 er breytt sem hér segir:

- 1) ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:
  - a) eftirfarandi liður 12.8 bætist við í 1. viðbæti:  
„12.8. Hljóðviðvörðunarkerfi í ökutæki  
12.8.1 Viðurkenningarnúmer ökutækisgerðar með tilliti til hljóðmengunar samkvæmt reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 138 <sup>(1)</sup>

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 239, 19.9.2017, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 41/2018 frá 23. mars 2018 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

<sup>(1)</sup> Stjttíð. ESB L 158, 27.5.2014, bls. 131.

<sup>(2)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB frá 5. september 2007 um ramma um viðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki (rammatilskipun) (Stjttíð. ESB L 263, 9.10.2007, bls. 1).

eða

12.8.2 Fullbúin tilvísun í niðurstöður úr prófunum á hljóðmengunarstigum hljóðviðvörðunarkerfis sem eru mæld í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 540/2014 <sup>(1)</sup>“,

b) eftirfarandi breytingar eru gerðar á viðbótinni í 2. viðbæti:

i. í stað 3. liðar komi eftirfarandi:

„3. uppsett hljóðviðvörðunarkerfi: já/nei <sup>(1)</sup>“,

ii. eftirfarandi 4. liður bætist við:

„4. Athugasemdir .....“.

2) Í stað VIII. viðauka komi textinn í viðaukanum við reglugerð þessa.

2. gr.

### Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. júní 2017.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

\_\_\_\_\_

## VIÐAUKI

## „VIII. VIÐAUKI

**RÁÐSTAFANIR VARÐANDI HLJÓÐVIÐVÖRUNARKERFI Í ÖKUTÆKJUM**

## I. ÞÁTTUR

Í þessum viðauka eru settar fram ráðstafanir varðandi hljóðviðvörðunarkerfi í ökutækjum fyrir tvinnrafökutæki og ökutæki sem eru eingöngu rafknúin.

## I.1. Þrátt fyrir a- og b-lið 2. liðar skulu ákvæði II. þáttar gilda um uppsett hljóðviðvörðunarkerfi:

- a) í hverri gerð ökutækis sem er viðurkennd fyrir 1. júlí 2019,
- b) í hverju nýju ökutæki á grundvelli gerðarinnar, sem um getur í a-lið, fyrir 1. júlí 2021.

## I.2. Ákvæði III. þáttar skulu gilda um uppsett hljóðviðvörðunarkerfi:

- a) í hverri gerð ökutækis, sem er viðurkennd fyrir 1. júlí 2019, ef framleiðandi kys að gera það,
- b) í hverju nýju ökutæki, á grundvelli gerðarinnar sem um getur í a-lið,
- c) í hverri gerð ökutækis sem er viðurkennd 1. júlí 2019 eða eftir það,
- d) í hverju nýju ökutæki á grundvelli gerðarinnar sem um getur í c-lið,
- e) í hverju nýju ökutæki 1. júlí 2021 eða eftir það.

## II. ÞÁTTUR

## II.1. Frammistaða kerfis

Ef hljóðviðvörðunarkerfi er uppsett í ökutæki skal það uppfylla kröfurnar sem um getur í liðum II.2 og II.3.

## II.2. Starfræksluskilyrði

## a) Aðferð við að framkalla hljóð

Hljóðviðvörðunarkerfi í ökutæki skal sjálfkrafa framkalla hljóð á lægsta hraðabili ökutækis frá því að það er ræst og að u.þ.b. 20 km/klst. og þegar því er bakkað. Ef ökutæki hefur brunahreyfil, sem starfar á þeim hraða ökutækis sem tilgreindur er hér að framan, skal hljóðviðvörðunarkerfið ekki framkalla hljóð.

Að því er varðar ökutæki, sem hefur hljóðviðvörðunarbúnað sem er virkur þegar því er bakkað, er ekki nauðsynlegt að hljóðviðvörðunarkerfið framkalli hljóð þegar verið er að bakka.

## b) Rofi

Hljóðviðvörðunarkerfi í ökutæki skal útbúið með rofa sem ökumaður getur auðveldlega náð til þannig að hægt sé að tengja það eða aftengja. Þegar ökutæki er endurræst skal kvikna sjálfkrafa á hljóðviðvörðunarkerfinu.

## c) Dempun

Heimilt er að dempa hljóðstig hljóðviðvörðunarkerfis þegar ökutæki er í notkun.

## II.3. Hljóðgerð og -styrkur

- a) Hljóðið, sem hljóðviðvörðunarkerfi í ökutæki framkallar, skal vera samfellt hljóð sem gefur gangandi vegfarendum og öðrum vegfarendum vitneskju um að ökutæki sé í notkun. Hljóðið ætti að gefa hreyfingu ökutækisins greinilega til kynna og ætti að hljóma á svipaðan hátt og hljóð ökutækis í sama flokki sem hefur brunahreyfil.
- b) Hljóðið, sem hljóðviðvörðunarkerfi í ökutæki framkallar, skal gefa hreyfingu ökutækis greinilega til kynna, t.d. með sjálfvirkum breytingum á hljóðstigi eða -einkennum sem eru samstillt við hraða ökutækisins.
- c) Hljóðstig hljóðviðvörðunarkerfa í ökutæki skal ekki fara yfir sem nemur u.þ.b. hljóðstigi ökutækis í flokki M1 sem hefur brunahreyfil og starfar við sömu skilyrði.

### III. ÞÁTTUR

#### III.1 Frammistaða kerfis

Hljóðviðvörðunarkerfi í ökutækjum skal uppfylla kröfurnar sem eru settar fram í liðum III.2-III.6.

#### III.2 Starfræksluskilyrði

##### a) Aðferð við að framkalla hljóð

Hljóðviðvörðunarkerfi í ökutæki skal sjálfkrafa framkalla hljóð á lægsta hraðabili ökutækis frá því að það er ræst og að u.þ.b. 20 km/klst. og þegar því er bakkað. Ef ökutæki hefur brunahreyfil, sem starfar innan hraðasviðs þess ökutækis, skal hljóðviðvörðunarkerfið ekki framkalla hljóð.

Ökutæki með heildarhljóðstig í samræmi við kröfurnar í lið 6.2.8 í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 138 <sup>(1)</sup>, með vikmörk sem nema +3 db (A), þurfa ekki að vera búin hljóðviðvörðunarkerfi. Kröfurnar, sem mælt er fyrir um í lið 6.2.8 í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 138 um einn þriðja áttundarsvið, og kröfurnar, sem mælt er fyrir um í lið 6.2.3 í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 138 um tíðnihliðrun, eins og skilgreint er í lið 2.4 í sömu reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu („tíðnihliðrun“), skulu ekki gilda um þau ökutæki.

Að því er varðar ökutæki sem hefur virkan hljóðviðvörðunarbúnað þegar því er bakkað er ekki nauðsynlegt að hljóðviðvörðunarkerfið framkalli hljóð þegar ökutækinu er bakkað, að því tilskildu að bakkljóðið í hljóðviðvörðunarbúnaðinum uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í öðrum undirlið liðar 6.2 og í lið 6.2.2 í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 138.

Mæla skal hljóðið, sem er framkallað af ökutækjagerð sem komið er með til viðurkenningar, í samræmi við aðferðirnar sem settar eru fram í 3. viðauka og í undirliðunum 6.2.1.3 og 6.2.2.2 í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 138.

##### b) Rofi

Í hljóðviðvörðunarkerfinu má vera búnaður sem gerir öikumanni kleift að gera hlé á virkni hljóðviðvörðunarkerfis („hlévirkni“) og sem ökumaður getur auðveldlega náð til þannig að hægt sé að tengja það eða aftengja. Ef hlévirkni er uppsett skal hljóðviðvörðunarkerfið tengjast með sjálfvirkum hætti þegar ökutæki er endurræst.

Að auki skal hlévirknin uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í lið 6.2.6 í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 138.

##### c) Dempun

Heimilt er að dempa hljóðstig hljóðviðvörðunarkerfis þegar ökutæki er í notkun. Í þeim tilvikum skal hljóðstig hljóðviðvörðunarkerfis uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í lið 6.2.8 í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 138.

#### III.3 Hljóðgerð og -styrkur

##### a) Hljóðið, sem hljóðviðvörðunarkerfi í ökutæki framkallar, skal vera samfellt hljóð sem gefur gangandi vegfarendum og öðrum vegfarendum vitneskju um að ökutæki sé í notkun. Hljóðið skal gefa hreyfingu ökutækis greinilega til kynna, t.d. með sjálfvirkum breytingum á hljóðstigi eða -einkennum sem samstillt eru við hraða ökutækisins. Hljóðið skal hljóma með svipuðum hætti og hljóð ökutækis í sama flokki sem hefur brunahreyfil.

Eftirfarandi reglur skulu gilda:

i. ef hljóðviðvörðunarkerfi framkallar hljóð þegar ökutæki er á ferð skal hljóðið uppfylla kröfurnar, sem mælt er fyrir um í liðum 6.2.1.1, 6.2.1.2, 6.2.1.3, 6.2.2.1, 6.2.2.2 og 6.2.3 í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 138, eftir því sem við á,

ii. ökutækið kann að gefa frá sér hljóð þegar það er í kyrrstöðu, eins og sett er fram í lið 6.2.4 í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 138.

##### b) Framleiðandi ökutækis er heimilt að gefa öikumanni möguleika á því að velja úr mismunandi hljóðum sem skulu uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í lið 6.2.5 í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 138.

##### c) Hljóðstig hljóðviðvörðunarkerfis í ökutæki skal ekki fara yfir sem nemur u.þ.b. hljóðstigi ökutækis í flokki M<sub>1</sub> sem hefur brunahreyfil og starfar við sömu skilyrði. Auk þess skulu kröfurnar í lið 6.2.7 í reglugerð efnahagsnefndar SP fyrir Evrópu nr. 138 gilda.

##### d) Heildarhljóðstig, sem ökutæki sem uppfyllir annan undirlið a-liðar 2. liðar gefur frá sér, skal ekki fara yfir sem nemur u.þ.b. hljóðstigi ökutækis í flokki M<sub>1</sub> sem hefur brunahreyfil og starfar við sömu skilyrði.

<sup>(1)</sup> Stjttf. ESB L 9, 13.1.2017, bls. 33.

#### III.4 Kröfur um prófunarbraut

Til að athuga hvort prófunarbraut uppfylli tilskildar kröfur, eins og lýst er í lið 2.1.2 í 3. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 138 er heimilt að beita ISO-staðli 10844:1994 í stað ISO-staðals 10844:2014 til 30. júní 2019.

#### III.5 Gerðarviðurkenningarvottorð

Ökutækjaframleiðandi skal leggja fram, sem viðhengi við ESB-gerðarviðurkenningarvottorð, eitthvert af eftirfarandi skjölum:

- a) orðsendinguna, sem um getur í 3. lið 5. mgr. í reglugerðar efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 138, í samræmi við fyrirmyndina sem sett er fram í 1. viðauka við þá reglugerð,
- b) niðurstöður úr prófunum á hljóðstigi hljóðviðvörunarkerfis sem mælt er í samræmi við þessa reglugerð.

#### III.6 Merkingar

Sérhver íhlutur hljóðviðvörunarkerfisins skal bera eftirfarandi merkingar:

- a) viðskiptaheiti eða merki framleiðanda,
- b) tilgreint auðkennisnúmer.

Merkingarnar skulu vera óafmáanlegar og auðlæsilegar.“

---